

Brautskráning og afhending einkunna



Brautskráning stúdenta fer fram í Háskólabíói laugardaginn 24. maí. Athöfnin hefst klukkan 13:00 (stúdentsefni mæta eigi síðar en klukkan 12:15) og má reikna með að hún standi yfir í tvo tíma. Að brautskráningu lokinni ganga stúdentar að

Aðalbyggingu Háskóla Íslands þar sem tekin verður mynd af hópnum. Gera má ráð fyrir því að það taki u.þ.b. hálf tíma.

Afhending verslunarprófsskrteina fer fram miðvikudaginn 21. maí klukkan 10:00 í Bláa sal. Um formlega athöfn er að ræða og eru nemendur því beðnir um að mæta snyrtilegir til fara.

Nemendur í 3. og 5. bekk fá einkunnir rafrænt í upplýsingakerfinu 20. maí klukkan 20:00. Prófsýning fyrir alla bekki verður milli kl.12:15 og 13:30 miðvikudaginn 21. maí.

Peysufatadagurinn

Þriðjudaginn 29. apríl klæddu verslunarprófsnemendur sig upp í betri fötin og héldu peysufatadaginn hátíðlegan.

Dagurinn er sveipaður miklum ljóma innan veggja skólans enda eru nemendur almennt sammála um að þessi dagur sé einn sá alskemmtilegasti á skólagöngunni.

Nemendur mættu prúðbúnir til sameiginlegs morgunverðar á Marmaranum. Að honum loknum var hátíðarskemmtun í Bláa sal þar sem nemendur skemmtu sér og öðrum með tali og tónum. Þar bar hæst svokallað Peysólag en sú hefð hefur skapast á undraskömmum tíma að hver árgangur semur sitt eigið lag og frumflytur á peysufatadeginum. Lagið samdi nemandi í 4. bekk, Arnar Ingi Ingason, og flytjendurnir eru allir í 4. bekk. Lagið á

lítið skylt við peysuföt og annan þjóðlegan fatnað og vísar frekar til þeirra væntinga sem nemendur gera sér um dansleikinn seinna um kvöldið. Almennt voru nemendur sammála um að lagið í ár sé það besta hingað til, en þannig er það reyndar á hverju ári og þannig á það líka að vera. Frá skólanum héldu nemendur í miðbæinn og gengu niður Laugavegin í bliðskaparveðri. Á Ingólfstorgi var síðan dansað datt en nemendur höfðu lært skottis og polka í íþróttatímum. Því miður riðlaðist dagskráin töluvert þar sem nemendur voru á undan áætlun auk þess sem skemmtunin í bænum

tók mun skemmri tíma en gert hafði verið ráð fyrir. Fyrir vikið misstu margir foreldrar af því að sjá börnin sín skemmta sér og öðrum í miðbænum. Okkur þykir það leitt og munum við framvegis reyna að aðstoða nemendur betur við að halda fyrirframgefni dagskrá en dagskráin og skipulag er í höndum nemenda sjálfra. Myndatakan var á sínum stað og geta nemendur reiknað með að fá myndina á prófsýningardaginn. Sameiginleg máltíð í Perlunni gekk vel og hið sama er að segja um ballið. Það er ósk okkar að nemendur hafi skemmt sér vel og að dagurinn verði þeim eftirminnilegur um langa tíð.



Kynjahlutföll í NFVÍ

Eins og greint var frá í síðasta Vefriti fóru fram kosningar til stjórnar Nemendafélagsins og hefur ný stjórn nú tekið við. Við þökkum fráfarandi stjórn fyrir samstarfið og hlökkum til þess að starfa með nýrri stjórn. Það sem strax vekur athygli við nýja stjórn er að í fyrsta sinn eru fleiri stúlkur í stjórn en piltar. Stúlkurnar eru sex en piltarnir fjórir og því má segja að stjórn nemendafélagsins endurspegli vel kynjahlutföllin meðal nemenda þar sem stúlkur eru um 60% nemenda.

Afsökunarbeiðni

Verzlunarskólinn harmar að kennari hafi sett prófsvör nemenda inn á samfélagsmiðil. Það samrýmist engan veginn stefnu skólans né gildum hans að varpa rýrð á nemendur með þessum hætti. Svörin hafa nú verið fjarlægð og biðjum við nemendur og aðstandendur þeirra afsökunar á þessu uppátæki.

Lokaball

Lokaballið, sem nýja stjórnin heldur, verður haldið mánudaginn 19. maí í Gullhömrum í Grafarholti. Húsið opnar stundvíslega klukkan 22:00 og lokar á slaginu 24:00. Til þess að forðast troðning fyrir utan staðinn eru nemendur beðnir um að mæta skv. eftirfarandi stundatöflu:

3. bekkur mætir kl. 22:00-22:30
4. bekkur mætir kl. 22:30-23:00
5. bekkur mætir kl. 23:00-23:30
6. bekkur mætir kl. 23:30-24:00

Edrúpotturinn verður á staðnum og hér er hægt að sjá myndband sem stjórnin gerði til að koma nemendum í rétta skapið.